

# *Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk*

*í grunnskólum Hafnarfjarðar*

*skólaárið 2015-2016*



## Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2015-2016 Að verða betri í dag en í gær

Haustið 2015 var Litla upplestrarkeppnin sett formlega á degi íslenskrar tungu í sjötta sinn í Hafnarfirði. Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin og alltaf er haft að leiðarljósi að keppa að betri árangri í lestri og munnlegri tjáningu og framkomu. Ávallt er lögð áhersla á virðingu og vandvirkni, allir nemendur eru með í liðinu, allir koma fram á lokahátíð og allir fá viðurkenningarskjal í lokin.

Skýrsla þessi hefur að geyma öll bréf sem send voru til kennara, form á hátíðunum, dagskrá hátíðanna, lesefnið og að lokum er samantekt úr öllum skýrslum kennara úr grunnskólum Hafnarfjarðar. Það er alltaf ánægjulegt og lærdómsríkt að lesa greinargerðir kennara og greinilegt að kennarar telja að verkefnið styðji við það sem þeir eru að gera. Allir hafa áhyggjur af lestrarfærni nemenda og Litla upplestrarkeppnin er einungis hugsuð sem styrkur við þær aðferðir og vinnu sem í gangi er hjá kennurum hverju sinni. Sú aðferð sem virðist þó vekja mestu gleði og samkennd nemenda er talkórinn. Það má því með sannni segja að það hljóti að haldast í hendur að lesa bæði sér til gagns og gamans.

Haldnar voru 15 lokahátíðir í skólunum og voru þær vel sóttar og öllum til mikils sóma. Litla upplestrarkeppnin hefur náð að festa sig í sessi í grunnskólum Hafnarfjarðar og fleiri og fleiri byggðarlög bætast við árlega. Ljóst er að kominn er tími til að halda enn betur utan um skáningu í verkefnið því fleiri og fleiri skólar óska eftir þátttöku.

Það er mikilvægt að hafa það í huga að keppnishugtakið í þessu verkefni felur einungis í sér að verða betri í lestri og framkomu í dag en í gær og það er mikilvægt að geta keppt að betri árangri og að geta sett sér markmið án samkeppni við aðra en sjálfan sig. Með auknum aldri og þroska verða nemendur betur í stakk búnir til að bera sig saman við aðra og vilja þá gjarnan keppa við félagana.

Hafnarfirði á haustdögum 2016.

  
skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

## Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2015-2016

### Að verða betri í dag en í gær

Til foreldra barna í 4. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk er greinilega búin að festa sig í sessi og vekur ánægju og sýnir miklar framfarir hjá nemendum.

Markmiðið er ávallt að auka lestrarfærni og bæta upplestur og er rétt að undirstrika að hugtakið keppni í þessu tilviki felur ekki í sér að keppa við aðra heldur að verða betri í lestri í dag en í gær.

**Undirbúinn upplestur** þarf að vera á dagskrá flesta daga frá degi íslenskrar tungu þ. 16. nóvember, en þá fer verkefnið formlega af stað í skólunum, og fram í apríl. Allir nemendur í bekknum/árganginum eru með í verkefninu og kennarar munu leitast við að miða kennsluhætti við hæfni og þroska hvers og eins. Verkefninu lýkur síðan með upplestrarhátíð þar sem allir nemendur leggja sitt af mörkum og verður hátíðin í formi samveru með foreldrum og öðrum góðum gestum og allir nemendur fá afhent viðurkenningarskjal.

Það er mjög mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í verkefninu sem er hægt að gera með því að vera stöðugt góður og áhugasamur áheyrandi við heimalestur og ræða um áherslur og blæbrigði sem skipta máli við allan flutning.

**Einkunnarorðin eru: VANDVIRKNI - ÁNÆGJA - VIRÐING**

Ingibjörg Einarsdóttir, verkefnisstjóri hefur umsjón með verkefninu.

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk  
Skólaárið 2015-2016

Lokahátíð í apríl 2016

Uppröðun skiptir máli. Allir nemendur sitja/standa á móti gestum, í fallegum röðum, fer eftir fjölda og húsnæði. Þarf að vera nokkuð gott rými svo lesarar njóti sín, séu ekki of nálægt áheyrendum.


Skáld keppninnar eru: Eiríkur Stefánsson, Jón Thoroddsen, Jónas Hallgrímsson, Kristján Hreinsson, Skúli Þorsteinsson, Þórarinn Eldjárn og úr dæmisögum Esóps.

## Dagskrá

Gestir boðnir velkomnir, getur verið skólastjóri/kennari eða kynnir. Gera þarf grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni, hvenær hún hófst í Hafnarfirði/viðkomandi bæjarfélagi og svo í haust og hver markmiðin eru. Ef skólastjóri byrjar þá býður hann kynni að taka við og stýra hátíðinni. Kynnir stýrir því hvernig nemendur kynna sig eða hann kynnir þá. Það þarf að vera vel æft og heyrast.

1. Tónlistaratriði (söngur eða hljóðfæri)
2. Þóra og þrösturinn (Skúli Þorsteinsson)
3. Dýraþula (Kristján Hreinsson)
4. Gullhringurinn (Eiríkur Stefánsson)
5. Gestalesari úr 7. bekk, (tillaga) fulltrúi skólans úr Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars, t.d. lesið ljóð sem nemandinn flutti á lokahátíðinni.
6. Tónlistaratriði
7. Mánaðapulan (Kristján Hreinsson)
8. Bakkabræður smíða sér hús.
9. Vorvísa (Jón Thoroddsen)
10. Vitra krákan (Úr dæmisögum Esóps)
11. Orð (Þórarinn Eldjárn)

# Litla upplestrarkeppnin



## Viðurkenning

---

hefur tekið þátt í  
Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk  
skólaárið 2015-2016.

**Bestu þakkir fyrir þátttökuna!**

Fyrir hönd Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

*Ingibjörg Einarsdóttir*

## Þóra og þrösturinn

Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr sem fer  
með fjaðrabliki, háa vegaleysu  
í sumardal að kveða kvæðin þín,  
heilsaðu einkum, ef að fyrir ber  
engil með húfu og rauðan skúf, í peysu.  
Þröstur minn góður, það er stúlkan mín.

(Jónas Hallgrímsson)

**Sögumaður** Þóra átti tal við skógarþröstin. Hann kom fljúgandi úr suðurátt.

**Lesari (Þóra)** Sæll vert þú, þröstur minn. Hvort er sem mér sýnist? Ert það þú sem stundum situr á húsmæninum heima eða í trénu utan við gluggann minn og vekur mig á morgnana með fögrum söng?

**Lesari** Rétt er það stúlka mín, sá er fugl hinn sami. Ég á nú líka þátt í því hvað trén í garðinum þínum eru falleg. Ég eyði ýmsum skaðlegum smádýrum, t.d. birkifiðrildinu og lirfum þess. Annars á ég hreiður í fögrum skógi, þar er gott að vera.

**Lesari** Hreiðrið mitt er ofið saman úr stráum og mosa, svo þétti ég það með leir. Sjálft bólið er fódrað með mjúku heyi. Eggín mín eru sjö að tölu, græn-móleit að lit. Mér þykir vænt um landið okkar. Þeir eiga gott sem eiga land.

**Lesari** Ég kem með fyrstu farfuglunum og fer seint á haustin. Sumir féлага minna dvelja þó hér allt árið þegar mild er tíð. Ég skal heimsækja þig í sumar og syngja fyrir þig á morgnana. Ég get líka fært þér fréttir utan úr löndum. Börnum á Íslandi flyt ég kveðjur frá vinum og frændum sem í fjarlægð búa.

**Lesari (Þóra)** Hvað veldur annars þessu ferðalagi ykkar farfuglanna? Hvernig stendur á því að þið komið hingað til þess að verpa?

**Lesari** Það skal ég segja þér. Við komum hingað vegna birtunnar. Við þurfum svo langan vinnudag til þess að afla fæðu handa ungunum

okkar. Þeir borða þyngd sína á dag. Við þurfum að fara fjölda margar ferðir daglega til þess að sækja björg í bú.

**Lesari** Stundum verpum við tvisvar á sumri. Þá er mikið að gera, en gaman að lifa. Ég er fjórtán til fimmtán daga að unga eggjunum mínum út. Karlinn minn er heldur latur að hjálpa mér við útungunarstarfið, en þó er hann besti karl.

**Lesari** Þegar liðið er á útungunartímann verð ég að liggja stöðugt á. Það er stundum erfitt, sérstaklega ef tíðin er köld, en ég tel það ekki eftir mér. Þá fyrirhöfn fæ ég margfaldlega greidda þegar ungarnir mínir hoppa úr hreiðrinu.

**Lesari** Það er svo gaman að sjá þá hlaupa um og fela sig í kjarrinu, litlu angana. Við höldum hópinn fram eftir sumri. Þegar haustar heimsækjum við trjágardana í sveitum og bæjum til þess að tína ber og annað góðgæti.

**Lesari(Þóra)** Já, ég hef tekið eftir því að þið komið stundum margir í garðinn heima hjá mér á haustin. En svo verpið þið líka stundum heima við mannabústaði, er það ekki rétt?

**Lesari** Jú, það kemur oft fyrir en þá erum við alltaf hræddir við kattarskömmina meðan ungarnir okkar eru litlir og ósjálfbjarga. Þá er gott að eiga góða vini, dugleg börn sem vara okkur við hættunni.

**Sögumaður** Þóra kvaddi nú skógarpröstin. Hún var glöð og ánægð og hét því að reynast litlu fuglunum vel. Hún vissi að þeir áttu merkilegt verk að vinna í þágu lífsins.

(S.Þ.)

## DÝRAÞULA

**Lesari** (einn eða tveir sem skiptast á línum)

Hér færi ég um víðan völl  
og varla myndi drolla  
og æddi jafnvel upp um fjöll  
ef ég væri rolla.

**Lesari** Í sauðahópnum sæi mig  
sérhver labbakútur  
því oft ég færi á efsta stig  
ef ég væri hrútur.

**Talkór** **Svo dásamleg er dýraþjóð  
því dýrin eru ljúf og góð.**

**Lesari** Ég hentist yfir hagann fljótt  
og hlypi yfir síkin,  
ég eflaust væri eftirsótt  
ef ég væri tíkin.

**Lesari** Ég myndi smala heilli hjörð  
og helst ei stía sundur  
og hlypi upp um ótal börð  
ef ég væri hundur.

**Talkór** **Svo dásamleg er dýraþjóð  
því dýrin eru ljúf og góð.**

**Lesari** Úr fjósi mínu færi ég  
ef fengi ég að velja  
og oft ég hlypi út á veg  
ef ég væri belja.

**Lesari** Með hornin ávallt upp í loft  
eins og trylltur ruddi  
ég myndi baula æði oft  
ef ég væri tuddi.



**Talkór**                    **Svo dásamleg er dýraþjóð  
því dýrin eru ljúf og góð.**

**Lesari**                    Ég gæti malað, mjálmað hátt  
og myndi engan hræða  
ég yrði sjálfsagt alltaf sátt  
ef ég væri læða.

**Lesari**                    Ég myndi klifra upp í eik  
eins og Hrói höttur  
og ætti kraft í allan leik  
ef ég væri köttur.

**Talkór**                    **Svo dásamleg er dýraþjóð  
því dýrin eru ljúf og góð.**

**Lesari**                    Ég myndi vappa vítt og breitt  
um völlinn iðjagræna  
og æti korn mitt yfirleitt  
ef ég væri hæna.

**Lesari**                    Mitt prik ég glaður gæti átt  
og garg mitt yrði vani,  
ég gala yrði afar hátt  
ef ég væri hani.

**Talkór**                    **Svo dásamleg er dýraþjóð  
því dýrin eru ljúf og góð.**

**Lesari**                    Ég myndi vera mild og góð  
og myndi engan skamma,  
ég eflaust myndi yrkja ljóð  
ef ég væri mamma.

**Lesari**                    Ég hugsa myndi hér um dýr  
og hætta öllu kvabbi  
ég segði ykkur ævintýr  
ef ég væri pabbi.

**Talkór**                    **Svo dásamleg er dýraþjóð  
því dýrin eru ljúf og góð.**

(Kr.Hr.)

# Gullhringurinn

## Lesari 1

Það er allt í uppnámi í höllinni. Konungurinn hafði týnt stóra og fallega gullhringnum sínum. En hringurinn var gamall ættargripur og honum fylgdu nokkrir undarlegir spádómar. Konungurinn var þreytulegur. Hann var búinn að láta leita um alla höllina en allt var árangurslaust. Hringurinn fannst hvergi.

## Lesari 2

Konungurinn sat með hönd undir kinn og var að hugsa um spádómana sem fylgdu hringnum. Hvernig voru þeir? Hann gat ekki munað það. Hann var víst alveg búinn að gleyma því. Konungurinn hringdi bjöllu. Hirðmaður kom samstundis inn.

## Lesari 3 (konungurinn)

Sæktu gamla spekinginn okkar og fylgdu honum hingað.

## Lesari 4

Hirðmaðurinn hneigði sig og hvarf samstundis út úr dyrunum. Stundarkorni síðar kom hirðmaðurinn aftur og með honum gamall maður gráskeggjaður og laut konungi. Konungurinn bauð honum sæti. Gamli maðurinn settist gegnt honum.

## Lesari 3 (konungurinn)

Þú varst kunnugur föður mínum og manst eflaust spádómana um gamla fullhringinn minn sem týndist. Segðu mér það sem þú manst um þessa spádóma.

## Lesari 5 (öldungurinn, en það gætu verið nokkrir lesarar sem lesa það sem öldungurinn segir.)

Yðar hátign. Ég skal með ánægju skýra yður frá því sem ég man af spádóminum um gullhringinn. Svo sagði faðir yðar að hring þessum fylgdi hamingja fyrir hvern er hann bærir. Og ekki mundi hann glatast nema eigandinn hefði rofið eitthvað af þeim eiðum sem hver konungur yrði að sverja er hann tæki við ríki.

## Lesari 3 (konungurinn)

Haltu frásögn þinni áfram, vitri maður.

**Lesari 5** (öldungurinn eða þeir sem lesa fyrir hann)

Hér við hirðina hefur orðið mikil breyting undanfarið. Erlendir siðir og hættir hafa verið teknir upp. Hér líða kvöldin í glaum og gleði við útlenda dansa og tryllta hljómleika. Og þó eru engir ánægðir. Menn sakna gamla tímans. Erlendir menn eru fengnir til að skemmta hirðinni. En siðprýði hefur hnignað. Ættjarðarástin hefur gleymst. Skáldin eru þögnuð og hin gömlu þjóðlög kunna menn ekki lengur.

**Lesari 3**

Haltu áfram hugleiðingum þínum. Þú hefur rétt að mæla.

**Lesari 5** (talkórinn eða.....)

Málið er að spillast. Inn í hirðmálið eru að blandast erlendar slettur. Hin fagra kveðja móðurmálsins er að hverfa úr málinu. Í stað hennar koma erlendar upphrópanir.

**Lesari 3**

En hvern af eiðum mínum hef ég þá rofið? Hef ég unnið til þess að dýrmæti hringurinn minn skyldi tynast?

**Lesari 5** (öldungurinn eða talkór)

Þér hafið lofað því að hafa ávallt heill ríkisins og þjóðarinnar fyrir augum. En þér hafið lokað augunum fyrir þeirri hættu sem ég var að skýra frá.

**Lesari 3**

Hvernig er hægt að ráða bót á þessu?

**Lesari 5** (öldungurinn eða talkór)

Breytið hirðsiðunum, konungur og látið innræta börnum og unglíngum í öllum skólum landsins ást og virðingu fyrir móðurmálinu og landi sínu. Með því eina móti er hægt að bæta úr þessu.

**Lesari 3**

Ég fel þér, vitri öldungur að sjá um framkvæmd þessa máls og lofaðu mér að vita hvernig gengur.

**Lesari 5** (öldungurinn eða talkór..)

Skipun yðar verður hlýtt, konungur.

**Lesari 1**

Konungurinn sat einn eftir og hugsaði um það sem spekingurinn hafði sagt.

**Lesari 2**

Nokkur tími leið. Hirðlífið var að breytast. Ástin á móðurmálinu og þjóðlegum siðum fór vaxandi í landinu. Og einn dag kom lítill fimm ára snáði inn í höllina og vildi fá að tala við konunginn. Hann afhenti konunginum hinn týnda hring og sagðist hafa fundið hann undir einu trénu í garðinum þegar hann hafi verið þar hjá garðyrkjumanninum.

**Lesari 1**

Konungurinn launaði drengnum ríkulega og gladdist yfir að hringurinn skyldi vera fundinn. En það sem gladdi hann mest var það að hann leit á fund hringisins sem tákn þess að nú væri hann að vinna að framtíðarhamingju þjóðar

( E.S.)

## MÁNAÐAÞULA

**Lesari** (gætu verið tveir sem skiptast á línunum)

Hann janúar er jökulkaldur,  
hann jafnan geymir mikinn snjó,  
í myrkri er að mörgu valdur  
og mönnum gefur kyrrð og ró.

**Lesari** Og febrúar svo ferskur lætur  
hér fannir liggja yfir jörð  
og stormar koma kaldar nætur  
með klakabönd og frostin hörð.

**Lesari** Hann mars hann er á marga vegu  
magnaður um nokkra hríð  
og stormaöflin ógurlegu  
hér enda langa vetrartíð.

**Talkór** Þannig líður árið allt  
og úti getur verið kalt  
er allir dagar dansa hjá  
og draumar okkar elta þá.

**Lesari** Og apríl kemur oft með blíðu  
og eyrun greina fuglasöng  
er sólarljósið sendir þíðu  
þá sést að dægri verða löng.

**Lesari** Hann maí fær gjarnan góða dóma,  
hann getur verið afar hlýr  
þá fær að vakna fjöldi blóma  
með fegurð sem í jörðu býr.

**Lesari** Og júní kemur hér með hlýju  
með honum tekur birtan völd,  
og okkur gleðja enn að nýju  
hin yndislegu sumarkvöld.

**Talkór** Þannig líður árið allt,  
oftast hlýtt en stundum kalt

**er allir dagar dansa hjá  
og draumar okkar elta þá.**

**Lesari** Í júlí ilmar allt af blóma  
og urtir landsins stækka fljótt,  
þá fuglasöng við heyrum hljóma  
um hlýja, bjarta sumarnótt.

**Lesari** Og ágúst, hreinn og undurfagur  
fær endað bjarta sumartíð  
en þó að stöðugt styttist dagar  
um stund hér vaka öflin blíð.

**Lesari** Í september fer senn að dimma  
og sólin lækkar flugið þá  
um fjöllin læðist frostið grimma  
en fegurð haustsins víst má sjá.

**Talkór** Þannig líður árið allt,  
oftast hlýtt en stundum kalt  
**er allir dagar dansa hjá  
og draumar okkar elta þá.**

**Lesari** Í október því yndi lýkur  
sem okkur veitti sumartíð  
og brátt um landið fönnin fýkur  
með frost og dökka vetrarhríð.

**Lesari** Og nóvember með dimma daga  
og dulúð boðar kyrrð og frið,  
þá birtist lífsins ljúfa saga  
þótt langur vetur blasi við.

**Lesari** Í desember í dökkum skugga  
svo dásamleg við eigum jól  
og þegar frostrós grær á glugga  
við getum séð að hækkar sól.

**Talkór** Þannig líður árið allt  
og úti getur verið kalt  
**er allir dagar dansa hjá  
og draumar okkar elta þá.**

(Kr.Hr.)

## Bakkabræður smíða sér hús

- Lesari** Bakkabræður höfðu tekið eftir því að veðurlag var kaldara á vetrum en sumrum og eins hinu að því kaldara var í hverju húsi sem fleiri og stærri voru á því gluggarnir. Þeir þóttust vita að allt frost og birta væri af því komið að hús væru með gluggum.
- Lesari** Þeir tóku sig því til og gerðu sér hús með nýju lagi að því leyti að þeir höfðu engan glugga á því enda var þar kolniðamyrkur inni sem nærri má geta.
- Lesari** Þeir sáu reyndar að þetta var dálítill galli á húsinu en bæði hugguðu þeir sig við það að hlýtt mundi vera í því að vetrinum og eins héldu þeir að bæta mætti úr því með góðum ráðum.
- Lesari** Þeir bræður tóku sig því til einn góðan veðurdag þegar glaðast var sólskin um hásumarið og fóru að bera út myrkrið úr húsinu í húfum sínum, sumir segja í trogum.
- Lesari** Þeir hvolfdu úr þeim myrkrinu en báru aftur inn í þeim sólskin í húsið og hugðu nú gott til birtunnar eftirleiðis. En þegar þeir hættu um kvöldið og settust að í húsinu, sáu þeir ekki heldur en áður handa sinna skil.

## Vorvísa

**Lesari**

Vorið er komið og grundirnar gróa,  
gilin og lækirnir fossa af brún,

**Lesari**

syngur í runni, og senn kemur lóa,  
svanur á tjarnir og þröstur í tún;

**Lesari**

nú tekur hýrna um hólma og sker,  
hreiðra sig blikinn og æðurin fer;

**Lesari**

hæðirnar brosa og hlíðarnar dala,  
hóar þar smali og rekur á ból,

**Lesari**

lömbin sér una um blómgaða bala,  
börnin sér leika að skeljum á hól.

(J. Th.)



## Vitra krákan

### Lesari

Einu sinni var kráka sem hafði ekki fengið neitt að drekka í langan tíma. Það höfðu verið þurrkar í margar vikur og öll vatnsbólín sem hún var vön að nota voru þornuð upp fyrir löngu.

### Lesari

Hún var búin að fljúga lengi, lengi þegar hún loks kom auga á vatnskönnu. Þar ber vel í veiði, hugsaði hún og sveif niður að henni og ætlaði að stinga hausnum ofan í. En hvað var nú þetta?

### Lesari

Stúturinn var of mjór til að hún kæmist með gogginn niður í vatnið enda var ekki mikið vatn í könnunni. Nú voru góð ráð dýr. Hvað átti hún að taka til bragðs?

### Lesari

Hún byrjaði á því að reyna að velta könnunni á hliðina en ekki dugði það. Síðan ákvað hún að reyna að brjóta hana með hörðum goggi sínum en allt kom fyrir ekki. Nú var úr vöndu á ráða.

### Lesari

Þá kom henni snjallt ráð í hug. Hún tindi með gogginum fjöldann allan af litlum steinum sem hún lét falla ofan í könnuna. Smátt og smátt sér hún vatnsyfirborðið lyftast og á endanum var það orðið nógu hátt til að hún gæti svalað þorsta sínum. Já, það á ekki að gefast upp þótt á móti blási.

(Úr dæmisögum Esóps)

## ORÐ

<b>Tveir lesarar</b>	Orð í eyrum orð á vörum sem við svörum sem við heyrum sem við segjum sem við beygjum.
<b>(bætist við einn lesari)</b>	Orð sem við þyljum orð sem við skiljum.
<b>(einn bætist við)</b>	Orð í breiðum uppi á heiðum. Orð á rangli stök á stangli.
<b>(einn bætist við)</b>	Orð í borgum orð á torgum Orð sem við orgum orð í sorgum
<b>(einn bætist við)</b>	Orðahlátur orðagrátur. Orðagátur orðaslátur.
<b>(einn /eða fleiri bætast við)</b>	Orð sem arga orð að garga orð sem bjarga. Orð sem þvarga orð að farga.
<b>(allur hópurinn)</b>	Orð í straumi Orð í flaumi. Orð í laumi Orð í draumi.
<b>(lesið sterkt)</b>	Orð í orði Orð á borði. Orð af orði ORÐAFORÐI

(P. Eldj.)

Ágætu umsjónarkennarar í 4. bekkjum

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs sumars og þakka fyrir sérlega ánægjulegt og gefandi samstarf í vetur. Þá er nær öllum lokahátíðum Litlu upplestrarkeppinnar lokið og ég hef verið svo lánsöm að geta verið viðstödd margar hátíðir. Mér telst til að það hafi verið 17 hátíðir í Hafnarfirði þetta vorið en keppnin er einmitt sex ára um þessar mundir. Litla upplestrarkeppnin er nú haldin í 60 skólum víðs vegar um landið og alls staðar er mikil ánægja með verkefnið.

Nú líður að lokafundi hjá okkur um Litlu upplestrarkeppnina. Ég legg til að við höldum fundinn **fimmtudaginn 26. maí kl. 14:30 hér á Skólaskrifstofunni**. Ég bið ykkur að skrá dagsetninguna hjá ykkur og það er mjög mikilvægt að allir mæti. Á fundinum munum við fara yfir starfið í vetur, hvernig þetta verkefni okkar hefur þróast og hvað við höfum lært af verkefninu og hverju það hefur skilað.

Eins og við ræddum strax í upphafi þá bað ég ykkur að skrá allt hjá ykkur í vetur, hvernig þið skipulögðuð vinnuna, hvað gekk vel og hvað þyrfti hugsanlega að skipuleggja betur. Mér þætti gott að fá þetta frá ykkur eigi síðar en **13. maí** svo ég geti unnið úr því fyrir fundinn. Gott væri að í greinargerðinni væru eftirtalin atriði og í þessari röð:

1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.
2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.
3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?
4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?
5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?
6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?
7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?
8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?
9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?
10. Var notað púlt á lokahátíðinni?
11. Hver var kynnis á lokahátíðinni?

12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?
13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum? Tímalengd á hátíðinni.
14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?
15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?
16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?
17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?
18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?
19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?
20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.

Fundur 26. maí 2016

Unnið úr greinargerðum kennara sem tóku þátt í Litlu upplestrarkeppninni skólaárið 2015-2016.

## **1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.**

Einn tími á viku fór í að undirbúa nemendur fyrir keppnina. Þar lásu þau upp fyrir bekkinn texta eftir sig, ljóð, sögur o.fl. Við tengdum undirbúninginn einnig inn í aðrar námsgreinar, til dæmis með talkór.

Skipulagið hjá okkur var sett upp í kennsluáætlun sem fylgir þessari greinargerð og tók áætlunin gildi 16. nóvember og stóð fram yfir lokahátíð. (sjá meðfylgjandi áætlun)

Undirbúningur fólst m.a. í því að krakkarnir tóku þátt í ræðukeppni, kynntu verkefni sín í samfélagsfræði fyrir samnemendur. Paralestur var í 16 vikur og einnig lásu nemendur upp frumsamdar sögur sem var liður í heimanámi. Þegar nær dró var sett meiri orka í að læra textana og æfa hópinn saman.

Við fléttuðum æfingar fyrir keppnina inn í aðra kennslu og þannig unnum við okkur áfram með verkefnið. Ekki sérstakt skipulag, heldur unnið jafnt og þétt meðfram öðrum verkefnum.

Gerðum skipulag frá upphafi og fram að lokahátíð, sjá fylgiskjal.

## **2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.**

Samstarf við heimilin var mjög gott. Frá því keppnin var sett formlega af stað þá sendi ég heim ýmis ljóð og annað efni sem átti að læra heima og þekkja.

Litla upplestrarkeppnin var kynnt í upphafi hausts og einnig var sent heim kynningarbréf fyrir lokahátíðina. Minnt var á gullnu reglurnar og ítrekað mikilvægi þess að börnin æfðu textana heima.

Í byrjun nóvember fengu foreldrar bréf þar sem verkefnið var kynnt og óskað samstarfs. Ég sendi reglulega heim vísur og ljóð sem þau áttu að æfa sig með heima þar sem foreldrar og eldri systkini hlýddu á og gekk mjög vel. Meiri keyrsla var eftir áramótin. Aðstandendur og stjórnendur fengu vikupósta varðandi skipulagið.

**Kynning fór heim á heimilin í formi bréfs sem börnin fóru með heim í mars, sama bréf var sent til foreldra í tölvupósti.**

Ég taldi samstarfið við heimilin ganga nokkuð vel en þó undir lokin sá ég að það voru ekki öll heimilin sem tóku þátt í þessu með börnunum. Ég fékk lítil svör frá foreldrum og fáar fyrirspurnir vegna þessa.

Sendum reglulega pósta heim og óskuðum eftir að nemendur æfðu sig heima.

Verkefnið kynnt mjög vel fyrir dag íslenskrar tungu og óskað eftir samstarfi sem væri mikilvægt.

Samstarfið við heimilin gekk mjög vel, sendum til að mynda texta heim og þau skrifuðu einstaka sögur/texta heima sem þau lásu upp fyrir bekkinn.

### **3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?**

Það gekk ágætlega að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu. Létum nemendur lesa texta og vísur upp, ýmist einn og einn eða nokkrir saman. Stundum fengu nemendur að lesa hluta af texta sem þeir völdu úr yndislestrarbók upp fyrir bekkinn. Nemendur voru duglegir að koma upp í ræðupúlt og þegar handritið fyrir lokahátíðina var afhent var það mikið notað í allri lestrarþjálfun og kennslu.

Nemendur lásu meira fyrir hvert annað og meira upphátt.

Ég geri mér bara satt að segja ekki grein fyrir því hvort ég hafi gert það eða ekki en auðvitað er keppnin góð æfing fyrir almenna lestrarkennslu og nýtist þess vegna vel sem slík.

Tvisvar sinnum í viku í vetur var ég með tíma sem voru eingöngu 20 mínútur og þeir nýttust oft illa að mínu mati. En ég notaði þessa tíma til að æfa texta og leggja áherslu á blæbrigði og ég flokkaði þetta undir Markvissa málörvun.

Námsefni vetrarins, ljóð, smásögur, leikrit, náttúrufræði, trúarbragðafræði ásamt sögum og frásögnum barnanna var notað til þess að ræða, æfa og vinna með upplestur allan veturinn.

Við náðum að flétta lestrarkennsluna vel inn í þetta verkefni og notuðum heimalestrarbækur og þau komu upp í púlt og æfðu sig í að lesa hátt og snjallt, stoppa við punkta og að líta upp annað slagið.

Var stundum hluti af heimavinnu t.d. að koma með hlut að heiman og segja frá honum, lesa upphátt um bekkjardýrið og lesa ljóð svo dæmi séu nefnd.

Fyrir áramót byrjuðum við í skólanum að vinna með áherslupunktana í lestrarkennslu, samlestri, upplestri, t.d. sögugerð, frásögn um t.d. jólafrí og fleira.

Við nýttum öll tækifæri til upplesturs í hinum ýmsu námsgreinum.

#### **4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?**

Það var mikill styrkur því nemendum fannst verkefnið mjög skemmtilegt og hvetjandi.

Við sáum greinilegar framfarir hjá nemendum, bæði í sambandi við sjálfstraust, framsögn, framkomu og lesfimi.

Við teljum verkefnið mjög hvetjandi og gott að æfa upplestur af ýmsu tagi, þá sérstaklega sögurnar og ljóðin sem komu frá IE.

Bara styrkur, alls engin truflun. Í skólanum er lögð mikil áhersla á Markvissa málörvun og það helst vel í hendur við Litlu upplestrarkeppnina.

Ég gat ekki séð að ég hefði tekið eftir nokkrum teljandi mun hvað varðar styrk en mér fannst þetta hvorki letjandi né truflandi. En auðvitað er allur lestur styrkur í sjálfu sér.

Já, við teljum að nemendur hafi bætt sig í lestri og framkomu.

Það er mikill styrkur í þessu verkefni því þetta er önnur nálgun en hefðbundinn lestur.

Uppskeran var svo sýnileg og við upplifðum að allir nemndur voru jákvæðir og vildu taka þátt. Þeir lögðu sig fram og tóku miklum framförum í framkomu og upplestri í

ræðupúlti. Okkur finnst þetta verkefni henta afar vel fyrir þennan aldur þar sem flestir hafa náð góum tókum á lestri og þetta því góð viðbót.

Klárlega styrkur, krökkunum fannst sérstaklega gaman að æfa "atriðið" seinustu dagana fyrir lokahátíðina.

## 5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?

Finn tími.

Það er viðeigandi að verkefnið hefjist á degi íslenskrar tungu. Undirbúningstímabilið er hæfilegt að okkar mati.

Hæfilega langur tími sem fór í þetta þróunarverkefni.

Það hefði mátt enda fyrr. Mikið að gerast í skólanum á þessum tíma og undir lokin verður þetta svolítið truflandi þar sem margar stundir eru nýttar til æfinga. Hópar misjafnir og þetta getur því tekið svolítið á hjá sumum.

Mér fannst þetta flottur tími. Maður byrjaði hægt en jók hraðann eftir því sem nær dró.

Það höfðu því allir tíma til þess að æfa sig og verða öruggir í framkomu og fasi.

Hæfilega langur tími.

## 6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?

Nemendur sendu foreldrum, skólastjórnendum og nemendum í 3. bekk boðskort á hátíðina. Þeir komu flestir og hlýddu á.

Boðskort og póstur sent heim, fundir með samkennurum og stjórnendum og haft var samband við sigurvegara úr Stóru upplestrarkeppninni og hljóðfæraleikara úr bekkjunum.

Póstur heim, boðskort og líka minnt á Fésbókarsíðu bekkjarins.

Tölvupóstur og í vikubréfum.

Nemendur bjuggu til sín persónulegu boðskort.

Tölvupóstur til foreldra, stjórnendur látnir vita með góðum fyrirvara en við hefðum mátt virkja nemendur betur og það hefði verið gaman að gera boðskort til að senda heim og jafnvel til ömmu og afa eða annarra velunnara.

## 7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?



Skólastjóri opnaði hátíðina hjá öllum bekkjunum. Aðstoðarskólastjóri tók myndir. Deildarstjóri sat einnig allar hátíðirnar. Foreldrum og öðrum aðstandendum var boðið að koma ásamt nemendum og kennurum í þriðja bekk. Sérkennarar sem koma að árganginum fengu leyfi til að sitja allar hátíðirnar. Það er mikill lærdómur fyrir nemendur í þriðja bekk að sitja á lokahátíð til að sjá hvernig hún fer fram. Við byrjuðum á því að bjóða Ingibjörgu og okkur þótti mjög vænt um að hún skyldi koma og ávarpa börnin og afhenda þeim viðurkenningarskjölin. Áheyrendur voru foreldrar og nemendur í þriðja bekk. Ég hefði viljað sjá fleiri foreldra og helst báða foreldra en í mörgum tilvikum kom bara annað foreldrið. En hefði mátt leggja meiri áherslu á að bjóða líka afa og ömmu. Eingöngu foreldrar, skólastjórnendur og Ingibjörg. Foreldrar, systkini, ættingjar og nem. í þriðja bekk en þeir voru mjög áhugasamir og lærðu greinilega mikið af þessari upplifun. Foreldrar og starfsfólk skólans.

## **8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?**

Hún var haldin í sal skólans.  
Hátíðin var haldin í hátíðarsal skólans og nemendur komu fram á sviði.  
Hún var haldin í heimastofu bekkjarins og mér fannst það persónulegra.  
Allar hátíðirnar voru haldnar á sal skólans í upphafi dags, kl. 8:10.  
Haldin í sal skólans og þetta var mjög hátíðleg stund.

## **9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?**

Það var notað hljóðkerfi og við töldum það nauðsynlegt.  
Notuðum hljóðkerfi og teljum það nauðsynlegt vegna þess hvernig salurinn er. Einnig finnst okkur það vera hluti af hátíðleikanum. Það er upphefð að fá að tala í hljóðnema. Bekkirnir notuðu sér hljóðkerfi skólans í kynningunni en ekki í upplestrinum. Ekkert hljóðkerfi notað, mér fannst það ekki nauðsynlegt.

Notaði ekki hljóðnema enda hátíðin inni í bekkjarstofu. Mér fannst nóg að hugsa um að læra texta, tala hátt og skýrt, nota blæbrigði á réttum stöðum, halda á bókunum sínum og færa sig á réttum stöðum og óþarfi að bæta hljóðnemanum í þetta líka.

Hljóðkerfi notað að hluta til, kynnirinn notaði hljóðnema og þeir sem lásu sögurnar.

Já, alveg nauðsynlegt að nota hljóðnema og líka svo skemmtilegt.

### **10. Var notað púlt á lokahátíðinni?**

Já, að hluta til.

Púltið var á miðju sviðinu, skreytt fallegum dúk og appelsínugular rósir sem nemendur fengu í lokin.

Já, fyrir kynninn sem var ég sjálf og fyrir sögumanninn og eins stúlku sem fór með ljóð.

Notuðum púlt en þó ekki eingöngu.

### **11. Hver var kynnir á lokahátíðinni?**

Skólastjóri setti hátíðina en tveir bekkir fengu tveimur nemendum það hlutverk að vera kynnar. Þeir skiptust á að kynna hvert atriði. Einn bekkur hafði þann háttinn á að vera með nokkra kynna sem skiptu með sér verkum.

Einn nemandi úr bekknum var kynnir.

Ég var kynnir, umsjónarkennarinn.

### **12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?**

Ég hafði mjög gaman af talkórnum og ég prófaði ýmsar uppstillingar. T.d. einn og einn, tveir og tveir og stelpur og strákar, skipt í smærri og stærri hópa.

Það gekk mjög vel, skemmtilegt fyrirbæri sem ég hef ekki notað áður. Hafði hópana fyrst litla og stækkaði þá svo. Lék mér að þessu og prufaði ýmislegt. Þeim fannst talkórinn svo skemmtilegur.

Talkórinn var fjölbreytilegur, mjög gaman að nota hann.

Gekk mjög vel, skemmtilegt kennslutæki í þessu verkefni. Stundum fáir og stundum allir. Virkilega skemmtilegt, við bæði kynjaskiptum og eftir fjölda.

Gekk mjög vel, mismunandi skipulag eftir bekkjum en nemendum þótti talkórinn svo skemmtilegt upplestrarform.

### **13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum? Tímalengd á hátíðinni.**

Já, að mestu og tímalengdin var 40 mínútur.

Við slepptum einum ljóðatexta en bættum skólasöngnum við í upphafi og einn bekkur var með þrjú tónlistaratriði í stað tveggja.

Já, við fylgdum henni alveg og hátíðin stóð í 35 mínútur.

Öll lestrarverkefnin sem komu frá IE voru notuð. Pulurnar hans Kristjáns voru sérlega skemmtilegar.

Við fylgdum þessu alveg og fannst þetta hæfilega langt.

Öll lestrarverkefnin sem komu frá IE voru notuð og hátíðin stóð í 50 mínútur.

### **14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?**

Nei, við slepptum engu.

Við bættum við "kanntu brauð að baka" í lokin, annars alveg fylgt.

Sleppti engu og bætti engu við.

Fylgdum alveg dagskránni og það gekk mjög vel.

Við slepptum Þóru og þrestinum sökum lengdar.

### **15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?**

Við fengum gestalesara úr 7. bekk og það var skemmtilegt og foreldrar tóku það líka fram hversu gaman það hefði verið.

Fulltrúar úr skólanum sem komu fram á lokahátíð í Hafnarborg komu á okkar hátíðir.

Já, vinningshafinn okkar mætti og las með glæsibrag.

Já, og lásu ljóð og sögu.

### **16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?**

Textarnir í sögunum voru of þungir. Mættu vera textar sem höfða meira til barnanna.

Þetta voru fínir textar og mér fannst vanta meiri tækifæri til að nota blæbrigði.

Hvorki of léttir né of þungir, bara fínir. Gott að hafa þetta ekki of létt, það gefur tækifæri til að læra ný orð og orðatiltæki, ekki veitir nú af!

Já, mér fannst Bakkabræðrasagan of þung, aðallega vegna málfarsins.

Í fyrstu höfðum við áhyggjur af þyngd tveggja texta en með góðri þjálfun og endurteknum upplestri gekk þetta allt upp.

Allir gátu fengið lesefni við sitt hæfi.

Nauðsynlegt að hafa einhverja texta eða ljóð sem reyna svolítið á lesskilning.

### **17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?**

Já, ég hafði mikið gagn af fundinum í október en komst því miður ekki á fundinn í janúar vegna veikinda.

Mjög svo, hefði ekki viljað missa af þeim.

Einn fundur í upphafi dugir, sérstaklega ef kennarar hafa tekið þátt áður.

Það er gott að hittast og fara yfir verkefni með öðrum. Það er mikill styrkur í þessu fyrir þá sem ekki hafa framkvæmt þetta áður og gott fyrir hina að rifja upp.

Já, en það er í raun nóg að hafa tvo fundi en óþarfi að hafa skilafund í lokin.

### **18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?**

Nei, það finnst mér ekki. Ég legg mikið upp úr framsögn og munnlegri tjáningu svo að þetta var eitthvað sem mér fannst mjög auðvelt að framkvæma og vinna með bekknum.

Já, ég myndi segja það. Ég er ekki vön svona í minni kennslu og var þetta því allt mjög nýtt fyrir mig.

Já, ég tel það.

Nei, við teljum svo ekki vera.

Nei, við teljum svo ekki vera. Nemendur hófu þjálfun í framsögn og munnlegri tjáningu strax í fyrsta bekk þannig að það hefur verið eðlilegur stígandi í okkar kennslu.

Við hefðum viljað fá námskeið í þjálfun fyrir framsögn, t.d. leikara. Markmiðið væri að fá þekkingu á grunnatriðum framsagnar. Skólaskrifstoan gæti sett inn svona námskeið að hausti.

## **19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?**

Ég mæli hiklaust með því að þessi hefð verði áfram.

Það ætla ég rétt að vona. Þetta er hátíð þar sem allir fá að láta ljós sitt skína.

Já, það tel ég en mér finnst að það megi samt ekki gleyma að þetta er heilmikil aukavinna fyrir kennara í fjórða bekk að mínu mati.

Já, það vonum við svo sannarlega. Tvær okkar eru að fara í gegnum þetta ferli í annað sinn og ein okkar í það fyrsta. Við sem höfum gert þetta áður höfum tekið þessa reynslu og nýtt í kennslu í öðrum árgöngum.

Já, mjög skemmtilegt verkefni sem á rétt á sér.

Gaman að nálgast lesturinn frá nýjum sjónarhornum, mér hefði aldrei dottið í hug að vera með talkór en það er frábær leið. Kem til með að nýta mér hann í fleiri greinum.

Skemmtilegt og hvetjandi verkefni og okkar niðurstaða er sú að við teljum miklar framfarir hafi orðið hjá nemendum í upplestri og framkomu í þessu ferli.

Hef aldrei tekið þátt í eins skemmtilegu verkefni fyrr á mínum kennsluferli.

## **20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.**

Mikilvægt að halda Litlu upplestrarkeppninni áfram í 4. bekk. Það er nauðsynlegt að byrja snemma að þjálf þau í að koma fram, eykur sjálfstraust og getuna til að tjá sig fyrir framan aðra. Góður endapunktur að bjóða upp á kaffi og meðlæti í heimastofu eftir hátíðina.

Okkur þótti vænt um að IE skyldi gefa sér tíma til að sitja lokahátíðirnar okkar. Við erum einnig mjög stoltar og ánægðar yfir því að árgangurinn hafi fengið það hlutverk að opna Stóru upplestrarkeppnina í Hafnarborg á lokahátíðinni í mars. Það var mikill og skemmtilegur lærdómur. Það kveikti í hópnum að vilja gera vel. IE heldur rosalega vel utan um þetta verkefni sem okkur finnst mikilvægt að verði passað upp á að fari í góðan farveg þegar IE lætur af störfum.

Ég er mjög ánægð með Litlu upplestrarkeppnina. Þetta er skemmtilegt verkefni og það sem skiptir mestu máli er að krökkunum fannst þetta virkilega skemmtilegt frá A-Ö. Sérstaklega talkórarnir og textarnir sem gáfu þeim tækifæri til að beita blæbrigðum.

Við viljum þakka fyrir góða leiðsögn og aðstoð við undirbúning Litlu upplestrarkeppninnar. Það var gaman og gott að koma á fundina og frábært að fá lesefnið og dagskrána snemma, það hjálpaði okkur við skipulagningu.

Gaman að geta þess að við heimsóttum tvisvar í vetur eldri borgara og þá fengu nemendur góða æfingu í að lesa fyrir aðra og lesa hátt og skýrt því eldra fólk er ekki endilega með eins góða heyrnt og yngra fólk. Svo er gaman að segja frá því að þegar þau eru að lesa fyrir mig núna eftir keppnina þá eru þó nokkrir nemndur sem eru ennþá í því að vanda sig við að standa jafnt í báða fætur og að líta upp, sem er æðislegt og er greinilegt að svona keppni hefur áhrif og margt að gefa nemendum. Þau hafa líka fengið svo mikið hrós eftir hátíðina frá starfsfólki skólans og frá foreldrum, það er mjög jákvætt.